

Hilary snýr aftur

.....
FIMMTUDAGUR 09.02.12



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Orion tekur um 14 mínútur í flutningi, en fiðlukonsert Mozarts tekur ríflega 20 mínútur. Sinfónían eftir Sjostakovítsj er um 50 mínútur að lengd.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

HILARY SNÝR AFTUR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 9. FEBRÚAR 2012 KL. 19.30

Peter Oundjian hljómsveitarstjóri

Hilary Hahn einleikari

Claude Vivier

Orion (1979)

W.A. Mozart

Fiðlukonsert nr. 4 í D-dúr, K. 218 (1775)

Allegro

Andante cantabile

Rondeau (Andante grazioso – Allegro ma non troppo)

Hlé

Dímítrij Sjostakovítsj

Sinfónía nr. 11, „Árið 1905“ (1956)

Hallartorgið (Adagio) –

Níundi janúar (Allegro – Adagio) –

In memoriam (Adagio) –

Klukknahringing (Allegro non troppo)

Peter Oundjian *hljónsveitarstjóri*



Hljónsveitarstjórinn Peter Oundjian er fæddur í Toronto í Kanada en er af ensku og armensku bergi brotinn. Hann stundaði fiðlunám við Royal College of Music í Lundúnum og hjá Ivan Galamian, Itzhak Perlman og Dorothy DeLay við Juilliard-tónlistarskólann. Hann var um 14 ára skeið fyrsti fiðluleikari hins heimskunna Tókýó-strengjakvartetts og kom fram með honum á tónleikum víða um heim. Hann hefur verið gestaprófessor við Yale-háskólann í þrjá áratugi. Oundjian stundaði einnig nám í hljónsveitarstjórn við Juilliard, og sótti meðal annars námskeið hjá Herbert von Karajan. Þegar hann neyddist til að leggja fiðluna á hilluna vegna þráláttra álagsmeiðsla var honum því ekkert að vanbúnaði að taka upp tónsprotann í staðinn.

Oundjian var listrænn stjórnandi Amsterdam Sinfonietta frá 1998–2003, og hefur einnig gegnt stöðu aðalgestastjórnaða við símfóníuhljónsveitirnar í Colorado og Detroit. Hann var skipaður aðalstjórnandi Símfóníuhljónsveitarinnar í Toronto árið 2003 og þykir hafa náð frábærum árangri með þeirri sveit. Heimildarmynd um störf hans þar, *Five Days in September: The Rebirth of an Orchestra*, hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna og verið sýnd á kvikmyndahátíðum víða um heim. Oundjian hefur auk þess komið fram sem gestastjórnandi með símfóníuhljónsveitunum í Boston, Chicago og San Francisco, og fílharmóníuhljónsveitunum í Stokkhólmi og Ísrael. Þá stjórnaði hann árið 2007 frumflutningi á óratóriunni *Not the Messiah (He's a Very Naughty Boy)* sem byggir á Monty Python-myndinni *Life of Brian*, en Oundjian og Monty Python-grínistinn Eric Idle eru systrasynir.

Síðar á þessu ári tekur Oundjian við stöðu aðalstjórnaða Konunglegu skosku þjóðarhljónsveitarinnar.

Hilary Hahn

einleikari



Hilary Hahn hefur þrátt fyrir ungan aldur verið meðal fremstu fiðluleikara heims af yngri kynslóðinni í meira en áratug. Hún er fædd í Virginíu-fylki og hóf tónlistarnám þriggja ára gömul. Hún innritaðist í Curtis-tónlistarháskólann 10 ára að aldri og lærði þar hjá hinum víðfræga Jascha Brodsky, sem hafði sjálfur numið hjá belgíska fiðluleikaranum Eugene Ysaÿe. Hún debúteraði í Þýskalandi 15 ára gömul og lék fiðlukonsert Beethovens með Lorin Maazel og Bæversku útvarpshljómsveitinni. Hún hlaut Avery Fisher-verðlaunin í New York sama ár, og debúteraði í Carnegie Hall með Philadelphia-hljómsveitinni þegar hún var sextán ára.

Hilary Hahn hefur unnið til Grammy-verðlauna og var valin Listamaður ársins af tímaritinu *Gramophone* árið 2008. Hún er samningsbundin hjá Deutsche Grammophon og hefur gefið út fjölda hljómdiska, meðal annars fiðlukonserta Sibeliusar og Schönbergs, og nýjan disk þar sem hún flytur verk eftir Bach ásamt Matthias Goerne og Christine Schäfer. Hún hlaut fyrstu Grammy-tilnefningu sína 18 ára gömul fyrir disk með konsertum eftir Beethoven og Bernstein. Hilary Hahn hefur komið fram í öllum helstu tónleikasölum heims. Hún lék á Last Night of the Proms í Royal Albert Hall árið 2000; lék einleik í kvikmyndatónlistinni við *The Village* eftir M. Night Shyamalan, og lék þriðja fiðlukonsert Mozarts á 80 ára afmælistónleikum Benedikts XVI páfa í Vatíkaninu árið 2007.

Hilary Hahn hefur hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna fyrir leik sinn, meðal annars nokkur Diapason-verðlaun, Preis der deutschen Schallplattenkritik (verðlaun þýskra tónlistargagnrýnenda), MIDEM-verðlaunin, ECHO Klassik listamaður ársins, o.fl. Tímaritið *Time* valdi hana besta unga klassíska tónlistarmann ársins 2001. Nýjasti geisladiskur hennar hjá Deutsche Grammophon hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda, en þar leikur hún fiðlusónötur eftir Charles Ives.

Claude Vivier

Orion



Kanadíska tónskáldið Claude Vivier (1948–1983) samdi um 50 verk á ferli sem spannaði ekki nema áratug. Hann lærði tónsmíðar við Tónlistarháskólann í Montréal og hjá Karlheinz Stockhausen í Köln. Síðar kenndi hann við Ottawa-háskóla og var einnig búsettur í París um skeið. Vivier samdi mikið fyrir söngrodd og þótt verk hans beri nútímalegt yfirbragð búa þau einnig yfir lagrænum eiginleikum. Árið 1976 lagði hann upp í reisu um Japan, Balí og Íran, og hafði sú ferð mikil áhrif á tónlist hans sem öðlaðist nýja liti og innblástur eins og sjá má af verkaheitum eins og *Nanti malam* eða *Zipangu*. Hann vann að óperu um Tsjajkovskij þegar hann var stunginn til bana í París í mars 1983.

Hljómsveitarverkið *Orion* varð til sem eins konar upphitun fyrir óperuna *Kopernikus* (1979) og verkin tvö deila bæði tónefni og yrkisefni. *Orion* var frumflutt í Montréal árið 1980 undir stjórn Charles Dutoit.

Verkið hefst með stefi sem leikið er á trompet, en það hljóðfæri tengdi Vivier við dauðann og vísaði í því sambandi bæði til sálumessu kapólskra sem og kvikmyndar Ingmars Bergman, *Sjöunda innsiglið*. Vivier lýsti framvindu verksins á þessa leið: „*Orion* samanstendur af sex hlutum: stefið kynnt, fyrsta úrvinnsla stefsins, önnur úrvinnsla stefsins, hugleiðing um stefið, endurminning stefsins og að lokum stefið, í tveimur hlutum“. Þessi þurra formlýsing kemur ekki til skila þeim dulúðlegu töfrum og ólíku litbrigðum sem tónlistin býr yfir. Málmblásarar eru nokkuð í forgrunni og strengirnir fremur notaðir til þess að bæta við nýjum litbrigðum og til að styðja við stefin á einn eða annan hátt. Slagverkið lætur líka að sér kveða og dulúðleg málmgjöll sýna hversu mikill áhrifavaldur gamelan-tónlist frá Balí og Jövu var á sköpun Viviers. Einn slagverksleikaranna þarf að líka að gera fleira en að slá með kjuðum, en ekki verður farið nánar út í þá sálma hér heldur hlustendum leyft að uppgötva hið óvænta hverjum fyrir sig.

W.A. Mozart

Fiðlukonsert nr. 4



Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) var ekki einungis framúrskarandi píanisti eins og píanókonsertar hans, sónötur og kammerverk bera vitni um. Hann var einnig prýðilegur fiðlari og skyldi engan furða, enda var Leopold faðir hans einn virtasti fiðlukennari álfunnar og hafði ritað vinsæla kennslubók á hljóðfærið sem kom út árið sem sonur hans fæddist. Wolfgang lagði fiðluna að mestu til hliðar eftir að hann fluttist til Vínborgar 1781, en fram að þeim tíma heillaði hann áheyrendur víða um lönd með fiðluleik sínum. Í október 1777 hélt hann konsert í München og skrifaði föður sínum um viðtökurnar: „Allir göptu af undrun. Ég spilaði eins og ég væri fremsti fiðluleikari Evrópu.“

Wolfgang gegndi stöðu fiðluleikara við hirðina í Salzburg frá fjórtán ára aldri og þar hafði hann tækifæri til að leika konserta og kammerverk eftir sjálfan sig og aðra. Eftir að hann fluttist til Vínborgar lagði hann fiðluna á hilluna en lék á víólu í staðinn sér til gamans, meðal annars á kammermúsikkvöldum þar sem enginn annar en Joseph Haydn mundaði fiðluna. Fiðlukonsertana fimm samdi Mozart árið 1775 og hefur líklega farið sjálfur með einleikshlutverkið þegar þeir voru fluttir fyrst. Engar kadensur eru til frá hendi Mozarts; hann hefur væntanlega leikið þær af fingrum fram og ekki hirt um að festa þær á blað síðar. Síðar tók konsertmeistari hirðhljómsveitarinnar, ítalski fiðluvirtúósinn Antonio Brunetti, konsertana upp á sína arma og hefur þá væntanlega smíðað sínar eigin kadensur eins og tíðkaðist í öllu konsertspili fram á 19. öld.

Mozart samdi D-dúr konsertinn K. 218 í október 1775, aðeins þremur mánuðum fyrir tvítugsafmæli sitt. Það að níttján ára piltur hafi samið þessa tónlist er næsta ótrúlegt eitt og sér, en ekki er síður aðdáunarvert hvílíku framförum hann hafði tekið í konsertsmíðunum frá því hann samdi fyrsta fiðlukonsertinn hálfu ári fyrr. Fyrsti kafli konsertsins er glæsilegur og geislar af öryggi, en um hæga þáttinn

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Franski fiðluleikarinn Henri Marteau lék fiðlukonsert nr. 4 eftir Mozart með píanóundirleik í Gamla bíói í apríl 1930. Í hljómsveitarbúningi hefur hann hljómað á tónleikum SÍ leikinn af fiðluleikurunum Ruth Hermanns (1952), Szymon Goldberg (1973), Konstanty Kulka (1982) og Hu Kun (1988). Þá lék Una Sveinbjarnardóttir konsertinn með Kammersveit Reykjavíkur árið 2006.

sagði Mozart-fræðingurinn Alfred Einstein að hann væri eins og „ástaryfirlýsing í tónum“. Lokabátturinn byrjar varfærnislega en ekki líður á löngu þar til Mozart býður hlustendum sínum upp á heilt hlaðborð af hressilegum stefnum, sveitadönsum og þjóðlögum.

Dímítríj Sjostakovítsj

Sinfónía nr. 11



Á fimmtugsafmæli sínu árið 1956 ritaði sovéska tónskáldið Dímítríj Sjostakovítsj (1906–1975) grein í tímaritið *Sovetskaya Muzyka* þar sem hann lýsti nýrri sinfóníu sem hann var með í smíðum. „Yrkisefni sinfóníunnar er byltingin 1905. Ég dáí þetta tímabil föðurlands okkar, sem birtist okkur svo glöggt í gömlum byltingarsöngvum verkamanna. Ég veit ekki enn hvort ég mun vitna í þessa söngva í sinfóníunni, en tónmál hennar verður vafalaust í anda þeirra.“

Það sem kemur helst á óvart við svona yfirlýsingu er að nokkur skuli hafa tekið mark á henni, svo oft hafði Sjostakovítsj lofað upp í ermina á sér hvað tónsmíðarnar snerti. Þegar upp var staðið var hin nýja sinfónía þó mjög í ætt við það sem tónskáldið gaf í skyn, því hún fjallar um byltinguna 1905 – a.m.k. á yfirborðinu. Sjostakovítsj vitnar í byltingarsöngva, þó ekki þannig að þeir skeri sig úr á nokkurn hátt, heldur fléttar hann þá saman við eigin stef þannig að erfitt er að greina á milli. Verkið hlaut afburða góðar viðtökur. Sovéskir gagnrýnendur töluðu um „gríðarlegan raunsæiskraft“ tónlistarinnar og sögðu byltingarsöngvana gera verkið „aðgengilegra en fyrri sinfóníur tónskáldsins.“ Sinfónían var tileinkuð 40 ára afmæli Októberbyltingarinnar, var frumflutt í Moskvu 30. október 1957 og hlaut Lenín-verðlaunin ári síðar.

Að hve miklu leyti var Sjostakovítsj að þóknast yfirvöldum með hinu nýja verki? Yfirskriftin *Árið 1905* gefur ákveðna vísbendingu um innihaldið en segir kannski ekki alla söguna. Sunnudaginn 9. janúar 1905 söfnuðust þúsundir manna saman við Vetrarhöllina í St. Pétursborg. Stríð Rússlands við Japan árið áður hafði lagt fjárhag landsins í rúst og alþýða manna átti vart til hnífs og skeiðar. Mannfjöldinn safnaðist saman með íkona og bænaskrá sem til stóð að færa keisaranum, Nikulási II. Mótmælin áttu að fara friðsamlega fram, en keisarinn og ráðgjafar hans túlkuðu allt á versta veg. Nikulás fór með leynd úr borginni og sigaði hermönnum sínum á fólkið.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónía nr. 11 eftir Sjostakovítsj hefur einu sinni áður verið flutt á Íslandi, á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í júní 2006 undir stjórn Rumons Gamba.

Þegar yfir lauk höfðu hersveitir keisarans myrt hundruðir manna og sært enn fleiri. Enn í dag er fjöldamorðið á saklausum borgurum í Pétursborg þennan vetrardag talin ein dekksta stundin í sögu Rússlands á 20. öld – og er þó af nógu að taka.

Sinfónía Sjostakovítsj lýsir hinum hrottalegu atburðum í fjórum samhangandi köflum og á svo myndrænan hátt að hún á það til að hljóma eins og kvikmyndatónlist án kvikmyndarinnar. En þótt yfirskriftin vísi í atburðina 1905 má vera að Sjostakovítsj hafi einnig haft annað í huga. Í október 1956 tilkynnti Ungverjaland úrsögn sína úr Varsjárbandalaginu, með þeim afleiðingum að hersveitir Rauða hersins þyrptust inn í landið og myrtu yfir 20.000 manns. Í æviminningabókinni *Testimony* er haft eftir tónskáldinu: „Ellefta sinfónían fjallar um samtímamann þótt hún sé kölluð „Árið 1905“. Hún er um fólkið sem hættir að trú á hið góða af því að bikar hins illa er barmafullur.“ Bókin er raunar afar umdeild og ekki er víst að hún byggji nema að hluta á frásögnum tónskáldsins, en í henni er fullyrt að með elleftu sinfóníunni hafi Sjostakovítsj viljað minnst fórnarlamba innrásar Sovétríkjanna í Ungverjaland 1956. Mstislav Rostropovítsj var einn af nánustu vinum tónskáldsins um þetta leyti. Hann hefur látið hafa eftir sér að sinfónían sé „skrifuð í blóði. Hún er harmræn frá fyrsta takti til hins síðasta. Kannski er yrkisefnið hvorki 1905 né 1956, heldur hvernig mannkynið virðist dæmt til að endurtaka sömu harmleikina aftur og aftur. Eru ekki allar byltingar harmrænar fyrir þá sem standa í miðjum slagnum?“

Fyrsti kaflinn, *Hallartorgið*, hefst með köldum og dularfullum strengjatónum. Fyrstu þrjár stefjahugmyndirnar eru þær einu í verkinu sem ekki eru fengnar úr byltingarsöngvum, og þær snúa aftur hvað eftir annað gegnum verkið allt: strengjafimmundir, ógnvænlegar tríólur í pákum og lúðrabypur í trompetum. Tvær flautur leika enduróm af byltingarsöng sem upphaflega var sunginn við þennan texta:

Haustróttin er myrk
eins og grimmúðug svik, eins og samviska einvalds....
Varðmennirnir ganga lötum skrefum hring eftir hring;
eitt orð heyrist í næturþögninni
líkt og harmi þrungið andvarp:
„Hlustið!“

Síðustu tvö atkvæðin („Slu-shai“ á rússnesku) hljóma hvað eftir annað í trompetum og básúnum, og í kjölfarið kemur annar byltingarsöngur. Í miðhluta kaflans fléttar Sjostakovítsj stefjunum saman, en að lokum snýr upphafstónlistin aftur. Annar kafllinn (*Níundi janúar*) er tvískiptur. Fyrri hlutinn lýsir því þegar fjöldinn safnast saman á torginu, en sá síðari lýsir blóðbaðinu þegar sveitir keisarans láta til skarar skriða. Iðandi strengjanótur hefja leikinn, og klarínett og fagott leika byltingarsöng við ljóð eftir Aron Kots:

Ó, keisari okkar, litli faðir! Líttu í kringum þig:
Lífið er ómögulegt, það er engin hjálp í embættismönnum keisarans.

Úr þessu stefjaefni vinnur Sjostakovítsj tvisvar sinnum áhrifamikinn hápunkt, en að lokum snýr upphafstónlist fyrsta kafla – torgstónlistin – aftur á ný. Mannfjöldinn bíður spennu lostinn. Síðasta viðvörðun heyrist og hljómsveitin leikur brjáláð fúgató sem byggir á tónlist fyrsta þáttar. Fjöldamorðin eru orðin að bláköldum veruleika og Sjostakovítsj fangar örvæntinguna á áhrifamikinn hátt. Síðan dettur allt í dúnalogn. Strengir og selesta standa ein eftir, eins og dofin eftir allan hryllinginn.

Í þriðja þættinum (*In memoriam*) notar Sjostakovítsj einn vinsælasta byltingarsöng Rússlands, sem hafði m.a. verið notaður í sovéskum kvikmyndum á borð við *Potemkin* eftir Eisenstein:

Þið voruð fórnarlömb í örlagaríka bardaganum,
þið elskuðuð þjóð ykkar
og létuð allt í sölurnar:
líf ykkar, heiður og frelsi.

Við þetta lag fléttar Sjostakovítsj öðrum byltingarsöng og byggir úr þeim magnþrungið tregaljóð.

Fjórði kafli dregur nafngift sína á rússnesku (*Nabat*) af klukkum sem hringt er í viðvörunarskyni. Hér byggir Sjostakovítsj upp langan og áhrifamikinn lokapátt úr stefjum sem eru ekki ósvipuð þeim sem hann notaði í scherzó-þætti 10. sinfóníunnar – sem hann, samkvæmt æviminningunum *Testimony*, sagði að væri „mynd af Stalín í tónum.“ Enn hljóma nokkur stef úr byltingarsöngvum, m.a. úr úkraínsku lagi eftir tónskáldið Anatol Vakhnianín:

Reiðist, einvaldar, hneykslist á okkur,
hótið okkur með fangelsisvist og hlekkjum!
Sálir okkar eru frjálssar, þótt þið kveljið hold okkar.

Eftir því sem Sjostakovítsj hleður upp fleiri byltingarsöngvum virðist augljósara að skilaboð sinfóníunnar snúast ekki um fortíð heldur framtíð. Í raun skiptir litlu

máli hvaða ártal – eða stað – við höfum í huga þegar við hlustum á tónlistina. Pétursborg, Búdapest, Rúanda, Darfur: ef Sjostakovítsj vildi koma einhverjum boðum til skila með tónlist sinni eiga þau jafn vel við í dag og nokkru sinni fyrr.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

7. desember 2011

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Martin Frewer
Lin Wei
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIDLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Lilja Hjaltadóttir
Christian Diethard
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
María Weiss
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Laufey Jensdóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Örnólfur Kristjánsson
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

ÞÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason

TECTONICS

1. — 2. — 3. MARS

Tónlistar hátíð

*Ilan Volkov, aðalstjórnandi
Sinfóníuhljómsveitarinnar, mun
stýra nýrri árlegri tónlistarhátíð
í Hörpu sem verður helguð nýrri
tónlist, bæði innlendri og erlendri, í
samstarfi við tónlistarmenn úr ýmsum
áttum. Hátíðin er spennandi viðbót við
fjölbreytta tónleikafloRU landsins.*

*Tveir frumkvöðlar í tónsköpun 20. aldar
eru í forgrunni fyrstu hátíðarinnar:
John Cage og Magnús Blöndal Jóhannsson.*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM

KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á
tónleikamatseðil þegar
Sinfóníuhljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

